

1857. Þann á hendur um þann tíma, sem hinn átti eptir, því annars
6. janúar. væri hætt við, að fleiri en einn nefndarmaður færi frá í einu,
og væri það beinlínis móti því sem til var ætlaðt.

21. janúar. **4. Lög um skrifstofupeninga handa amtmönnum og
landfógetanum á Íslandi.**

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv. Gjörum kunn-
ugt: Lög þessi hefir ríkisþingið fallið á og Vér staðfest með
samþykki Voru:

Frá 1. dag aprílmán. 1857 fær stiptamtmaðurinn og amt-
mennirnir á Íslandi þessa skrifstofupeninga:

stiptamtmaðurinn 1200 rd.

amtmaðurinn í norður- og austuramtinu . . . 600 -

amtmaðurinn í vesturamtinu 550 -

Frá sama tíma fær landfógetinn á Íslandi til skrif-
stofuhalds 300 -.

Greiða má út kostnað þann sem rís af lögum þessum á
ríkisfjár-árinu 1857—1858.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

14. marz. **5. Bréf dómismálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og
amtmananna á Íslandi um sóttvarnarhald á Íslandi
á skipum frá Norvegi.**

Utanríkisstjórnin hefir sent fyrirspurn um, hvort skip frá
Kristjánssandi í Norvegi, hvar bólusótt nú sem stendur gengur,
geti legið í sóttvarnarhaldi á Íslandi ef á þyrfti að halda. Í
tilefni af þessu hefir dómismálastjórnin sent utanríkisstjórninni

hin helztu lagaboð um sóttvarnarhald á Íslandi, nefnilega til- 1857.
 skipun 8. febrúar 1805, opið bréf 20. júní 1838 og umburðar- 14. marz.
 bréf 5. júlí 1851, og um leið beðið um að lagaboð þessi yrði
 send hlutaðeigandi verzlunarfulltrúum í Norvegi til hliðsjónar
 við skip þau, sem kynni að taka leyfisbréf til Íslands.

Þetta vil eg ekki undan fella að skýra herra stiptamt-
 mannum (amtmaninum) frá til þóknanlegrar vitundar.

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- 21. marz. og austur-umdæminu um lögreglugæzlu á Akureyri.

Með þóknanlegu bréfi 11. júní f. á. hafið þér herra amt-
 maður sent dómsmálastjórninni álit sýslumanns Briems, um þá
 uppástúngu yðar, viðvíkjandi lögreglugæzlu á verzlunarstaðnum
 Akureyri, sem stjórnin hafði beðið um í bréfi sínu 20. fe-
 brúar s. á., og sem var þess innihalds, að það fyrst um sinn,
 meðan sýslumaður Bríem hefir embætti það sem hann nú er
 í, væri gjört honum að skyldu, að útvega sér fulltrúa; og
 skyldi þá amtmaður setja þenna mann til þess, sýslumanns-
 ins vegna og þannig að hann hefði alla ábyrgð af, að sjá um
 allt það sem með þarf þegar skip frá útlöndum koma til Íslands
 og að hafa vanalega lögreglugæzlu í verzlunarstaðnum, eins og
 einnig að gjöra þau hin önnur embættisverk, sem lögin leyfa
 að megi trúá slíkum fulltrúa fyrir, og skyldi fulltrúinn fyrir
 þenna starfa sinn fá 50 rd. úr jafnaðarsjóði amtsins, en að
 öðru leyti ætti hann kaup hjá sýslumanninum, eptir því sem
 þeim semdi um.

Þaræð nú opið bréf 24. nóvember f. á. ákveður, að kostnað
 þann, er leiðir af þeim ráðstöfunum, sem gjöra þarf til að fram-
 fylgja lögum 15. apríl 1854, um siglingar og verzlun á Íslandi,
 skuli greiða í hverju amti úr jafnaðarsjóði amtsins, læt eg ekki
 hjá líða að skýra yður frá til þóknanlegrar vitundar og frekari